

111
28. sept. prófast verði tjáð sóknarnefnd þeirri, sem hjer á hlut að máli, að ráðgjafanum mislíki mjög vanræksla sú sem nefndin hefur gjört sig seka í á skyldum þeim, sem nefnd lög leggja henni á herðar, og er vanræksla þessi fólgin í því, að nefndin hefur hvorki samkvæmt 3. gr. laganna skýrt hlutaðeigandi prófasti frá því, að söfnudurinn ætlaði eigi að neyta kosningarrjettar síns, nje heldur uppfyllt þær skyldur, sem, þar sem eigi er um slíka tilkynningu að ræða, hvíla á sóknarnefndum samkvæmt 4.—7. gr. laganna, til að undirbúa kosningar og annast um þær.

112
4. nóv. Brjef landshöfðingja til útflutningastjóra Sigfúsar Eymundssonar um skilyrði fyrir því, að mega annast fólksflutninga hjeðan af landi til Vesturheims. — Með brjefi dags. 29. f. m. hafið þjer, herra útflutningastjóri, tjáð mjer, að þjer hafið orðið þess vísari, að útflutningastjórar, sem búsettir eru í Ameríku, muni hafa í ráði að senda mönnum hjer á Íslandi farbrjef, sem gefin eru út af þarlendum útflutningastjórum í þeim tilgangi að menn geti flutt sig hjeðan sem vesturfarar og notað farbrjef þessi á sama hátt eins og útflutningasamninga þá, er gefnir eru út af hjerlendum útflutningastjórum, og hafið þjer spurzt fyrir um, hvort slíkt geti samrýmzt hjer gildandi lögum um tilsjón með vesturaraflutningum og hvort þessi farbrjef frá útflutningastjórum í Ameríku geti álitizt fullnægjandi í því efni, og ennfremur hvort það hafi nokkra þýðingu fyrir gildi þessara farbrjefa hjer þó að «lína» sú, sem flytja ætlar fólkið, hafi sett veð hjer á landi og hafi hjer útflutningastjóra, ef farbrjefin sjeu eigi útgefin af honum, og hann eigi hefur neitt yfir flutningnum að segja.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til leiðbeiningar, að þar sem það er skýrt tekið fram í 1. og 2. gr. útflutningalaganna 14. jan. 1876, að engir aðrir en þeir, sem fengið hafa sjerstakt leyfi til að vera útflutningastjórar, megi gjöra samninga við útfara um flutning í aðrar heimsálfur, en slíkt leyfi verður aðeins veitt mönnum, sem búsettir eru á Íslandi, þá leiðir beint af þessu, að menn, sem búsettir eru í Vesturheimi, mega ekki gefa út farbrjef fyrir útfara hjeðan af landi, og er slíkur útflutningur, er þjer talið um, því ólöglegur með öllu, og gjörir það enga breytingu í þessu efni. Þó að «lína» sú, sem ætlar að flytja fólkið, hafi sett veð hjer á landi, og hafi hjer útflutningastjóra, ef þessi útflutningastjóri ekki gerir þann skriflega samning, sem heimtaður er í 13. gr. nefndra laga, við útfarana, nje yfir höfuð annast og hefur umsjón með flutningunum, enda á landstjórnin aðgang að útflutningastjórunum, en eigi að þeim útlendu fjelögum eða «línum», sem takast á hendur að flytja útfarana.

113
7. nóv. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um toll af kaffi, sykri og tóbaki. — Með þóknanlegu brjefi dags. 5. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað með ummælum yðar erindi bæjarfógetans á Ísafirði þar sem hann skýrir frá, að skipið Holger, skipstjóri H. P. Ibsen, er hafi hafnað sig á Ísafirði 15. f. m. hafi meðal annara vörutegunda flutt kaffi, sykur og tóbak til verzlunar H. A. Clausens þar á staðnum, en með því að skip þetta, er einnig hafi haft vörur meðferðis til verzlunar nefnds Clausens í Ólafsvík og Stykkishólmi hafi samkvæmt vottorði sýslumannsins í Snæfellsness og Hnappadalssýslu komið þar í sýslu 29. sept. þ. á. og gjört þar tollskil eptir þeim tollögum, er þá voru í gildi, þannig að tollur einnig af tó-